

Kalka sorpeyðingarstöð sf.
Berghólabraut 7
230 Reykjanesbær

Reykjavík, 18.12.2024
UST202401-264/S.M.
08.14.02

Reglubundið eftirlit í Kólku sorpeyðingarstöð ID55

Þann 12. desember 2024 fór fram reglubundið eftirlit í Kólku sorpeyðingarstöð í Helguvík. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Staða eldri frávika

- Gr. 5.4 í starfsleyfi. Losunarmörk fyrir mengunarefni í útblæstri eru skilgreind í starfsleyfi og miðast við að útblástur á brennisteinsdíoxíði fari ekki yfir 50 mg/m³ úr samfelldri daglegri mælingu miðað við stöðluð skilyrði. Samkvæmt úblástursmælingum vegna fyrri part ársins 2023, fer losun á brennisteinsdíoxíði (SO₂) yfir losunarmörk (dagana: 9. feb., 17. feb., 20. feb og 23. feb.). **Í athugasemdum rekstraraðila kemur fram að stöðugt sé unnið að því í Kólku að skilja betur við hvaða aðstæður efni í útblæstri nálgast losunarmörk eða fer yfir þau. Þá sé ávallt leitað að betri basískum íblöndunarefnum og virkum kolum. Stjórnendur Kólku taki alvarlega öll atvik þar sem reynir á losunarmörk í starfsleyfi. Umhverfisstofnun telur framangreint mjög jákvætt en óskar eftir frekari upplýsingum um hvernig skuli bregðast við því að losun hafi farið yfir mörk starfsleyfis.** Umhverfisstofnun hefur fengið frekari upplýsingar varðandi frávikið og telst því lokið.

Engin frávik frá kröfum starfsleyfis komu fram í eftirliti nú og engar ábendingar voru settar fram.

Virðingarfyllst

Sigríður Magnúsdóttir
sérfræðingur

Halla Margrét Viðarsdóttir
sérfræðingur